

Lífgeislur

Tímarit um lífssambönd við aðrar stjörnur 21. tbl. Maí 1979



VORU BRÖGD Í TAFLI? (Sjá bls. 29).

Þorsteinn Gylfason er lektor í heimspeki við Háskóla Íslands. Hann er sonur hjónanna Gylfa Þ. Gíslasonar og Guðrúnar Vilmondardóttur. Eftir stúdentspróf nam hann heimspekinám við ýmsa erlenda háskóla, m. a. hinn kunna Harvardháskóla í Bandaríkjunum. Að námi loknu tók hann við kennslustarfi við Háskóla Íslands árið 1971, og hefur hann gegnt því síðan.

Erindi það ásamt umræðum, sem hér er birt, var flutt í Sambandssal að Álfhólsvegi 121, á almennum fundi Félags Nýalssinna þ. 21. apríl 1979. Eins og umræðurnar bera með sér koma þarna fram ólík sjónarmið, og munu fæstir hafa gert sér grein fyrir því, hve skörp skil eru á milli manna í afstöðu þeirra til slíkra hluta. *Lífgeislar* eru opnir fyrir umræðum um þessi mál. Umræður eru skrifaðar upp eftir segulbandsupptöku, en nokkuð úr þeim fellt vegna rúmsins.

Um mynd á forsíðu:

Myndin er tekin á blaðamannafundi að Hótel Loftleiðum 12. nóv. '77, að aflokinni eðlisfræðiráðstefnunni „*Frontiers of Physics*“. Meðal fréttamanna á fundinum voru: Ómar Ragnarsson frá Sjónvarpinu, Jón Birgir Pétursson frá Dagblaðinu, Ásdís Rafnar frá Morgunblaðinu og Christopher Bird frá UPI. En konan sem heldur á skeiðinni er frú Greta Woodrew.

UM FYRIRBURÐAFRÆÐI

Framsöguerindi Þorsteins Gylfasonar lektors í heimspeki — og umræður að því loknu, í sambandssal að Álfrólsvegi 121, þ. 21. apríl 1979.

Þorsteinn Gylfason: Ég er hingað kominn til að halda erindi um fyrirburðafræði, sem Þorsteinn Guðjónsson kenndi mér að kalla svo. Það er rétt hjá honum, að „fyrirburðafræði“ er bæði eldra og betra heiti á því sem annars er algengt að kalla „dul-sálarfræði“. Ég er honum þakklátur fyrir þá ábendingu og mun fylgja henni. Nú var það vitað mál áður en mér var boðið til þessa fundar, að ég er raunar andófsmaður slíkra fræða, og mörg ykkar hafa ugglaust fengið frekari staðfestingu á því með því að lesa samantekt mína um rökfræði og trúna á annað líf, sem Þorsteinn Guðjónsson dreifði til einhverra ykkar allavega, og erindi mitt á þennan fund var að gera grein fyrir andófi mínu eftir föngum, og einhverjum af þeim rökum sem það rís á. Sum þessara raka eru auðvitað reifuð eða rakin í þessu fjölríti. Í spjallinu hér á eftir vildi ég mega bæta fáeinum atriðum við það, sem í fjölríttinu stendur.

Nú er það væntanlega flestum ljóst, að andóf við hverskonar fyrirburðafræði er auðvitað engin sérvizka mín, öðru nær. Því að í þessu efni fylgi ég, sem mér þykir sjálfum ekkert allt of gott, öldungis ríkjandi skoðun hverskonar fræðimanna, jafnt í náttúrufræðum sem í mannlegum fræðum: að fyrirburðafræði er ein grein 'hjáfræða', sem ég kalla stundum svo, en í mínum munnni heita 'hjáfræði' þau fræði, sem allur þorri fræðimanna, svo og stofnanir eins og háskólar, vísindafélög og rannsóknastofur leiða yfirleitt hjá sér, með réttu eða röngu.

Þegar einhverjum fræðaiðkunum er neitað um viðurkenningu þeirra stofnana, sem eru helgaðar fræðum og vísindum, þá er auðvitað ómaksins vert að staldra við og huga að rökunum, sem að þessari neitun hníga, og miklu meira en ómaksins vert, því ég sé ekki betur en að okkur, sem fylgjum ríkjandi skoðunum á hjáfræðum beri brýn skylda til að gera sem gleggsta grein fyrir rökum okkar fyrir þessum skoðunum. Þessi rök þurfa ekki endilega að vera öll jafn góð. Þau eru hinsvegar bæði mörg og margvísleg. Sum þeirra eru almenn, og eiga að taka til allra hjáfræða, hverju nafni sem þau nefnast. Önnur eru sérstök og beinast að sérstökum atriðum í tilteknum kenningum. Ég hefi sjálfur miklu meiri áhuga á sérstöku rökunum en held samt að það sé ástæða til að fara nokkrum orðum um almennu rökin.

Ég hygg að það geri sér fæstir ljóst, hve ákaflega fjölbreytileg hjáfræði eru á síðustu tímum, síðustu hundrað árum, og hversu almennra vinsælda þau njóta víða um lönd. Það má heita, að með fárra ára millibili fari um löndin einhver faraldur slíkra fræða sem eldur í sinu, og verður því miður oft tilefni fjárplógsstarfsemi, í mynd metsölubókar til dæmis, og þar fram eftir götunum. Þar er skemmst að minnast til dæmis Úri Gellers og Erichs von Dänikens, sem nú hafa báðir verið endanlega afhjúpaðir sem samvizkulausir loddarar. En því miður, og þó af skiljanlegum ástæðum, gerist það oftast en hitt, að þeir fjölmiðlar, sem upphaflega auglýsa slíka loddara eins og von Däniken, eins og sum íslenzku dagblöðin eða dönsku vikublöðin sem eru mikið lesin á Íslandi, þegja oftast sem fastast um afhjúpun þeirra. Og svo sem eðlilegt er, þá hafa myndazt í gegnum árin á síðustu hundrað árum eða svo, fjölmargar greinar slíkra fræða af margvíslegasta tagi. Sum ykkar kannast eflaust við sumt af þessu: kannske kenningar Velikovskys um árekstra heimskerfanna, sem ég las um í dagblöðum hér, þegar ég var krakki, holheimskeninguna, eða þá kynsvölunarkenningu Wilhelms Reichs, sem hefur fengið einhverja uppreisn á síðustu árum. Annað sem ég minnst úr bernsku minni er pýramídafræðin, sem tímaritið *Dagrenning* var helgað, sem kom út einmitt þegar ég var barn. Hverskonar aðra talnadulvísi mætti nefna, eins og til dæmis þá, sem setur mikinn svip á kenningar Einars Pálssonar. En svo mætti lengi telja. — Það er ekki viðlit í svo stuttu spjalli að gefa neitt tæmandi yfirlit yfir þetta fjölbreytilega svið og svo virðist sem margar þessar kenningar, kannske ekki allar, hafi nokkur samkenni. Eitt er það, að þeim

er oft ekki einungis ætlað vísindagildi af fylgjendum sínum, heldur líka eitthvert siðferðisgildi, þannig að kenningarnar eða fræðin flytji einhvern uppbyggilegan boðskap: fyrirheit um sáluhjálp jafnvel, sem er stundum og raunar mjög oft, sem er forvitnilegt, bundið ákveðinni þjóð eða kynþætti.

— — —
— — —
— — —

Að því leyti, sem hjáfræðikenningar hafa siðferðisgildi eða stjórnmálagildi, þá bera þær að þessu eina leyti miklu meiri svip trúarbragða heldur en vísinda. Því það er auðvitað — ég er ekki að gera lítið úr trúarbrögðum, öðru nær — en allavega þá er það auðvitað einkenni á trúarbrögðum, að trúarbrögð kveða ekki einungis á um skipan heimsins, heldur flytja þau einnig siðferðisboðskap í krafti sömu kenninga. Nú er auðvitað ekkert tóm til þess hér í stuttu spjalli að fjalla almennum orðum um greinarmun trúar og vísinda, og um gífurleg átök þessarar höfuðskepna í andlegu lífi, trúarinnar og vísindanna, í meir en tvöþúsund og fimmhundrað ár. En það er eitt attríði, sem ég get eiginlega ekki stillt mig um að nefna, og vitna um til Max Webers, sem mörg ykkar eflaust þekkja; hann var þýzkur heimspekingur og félagsfræðingur á fyrri hluta þessarar aldar. Eitt viðfangsefni, sem Max Weber hugsaði mikið um, var eðli skynsemistrúar, sem oft er sagt, án þess að sé alltof mikil hugsun í þeim orðum, að sé aðal-einkenni á menningu allavega okkar heimshluta síðustu aldirnar, frá sautjándu öld. Og ef ég má vitna í Max Weber, þá segir hann í bók sinni *Mennt og mætti*:

Framfarir vísindanna eru aðeins einn þáttur, raunar sá allra mikilvægasti, í árþúsundalangri framsókn reglubundinnar skynsemi í mannlífinu — sem nú er almennt að líta svo óhýru auga. (Hann skrifar þetta í lok fyrri heimsstyrjaldarinnar, þegar honum virtist vera mikið andóf við skynsemistrú — í Þýzkalandi til dæmis, þar sem hann starfaði.) Glöggvum okkur næst á því (segir hann) hvað það þýðir, að reglubundinn skilningur hafi aukizt fyrir tilstilli vísinda og vísindalegrar tækni. Er þar átt við (spyr hann) að við sem hér erum saman komin (hann er að tala við stúdenta í háskóla sínum) höfum gleggri skilning

á aðstæðum lífs okkar en Indíáni til dæmis eða Hottintotti? Varla! Við ferðumst með sporvagni, en höfum ekki hugmynd um, hvað kemur honum á hreyfingu, nema þau sem hafa lagt fyrir sig eðlisfræði. Það er líka óþarfi að vita, okkur er nóg að eiga hreyfingu vagnsins vísa, og geta hagað gerðum okkar samkvæmt því. En við vitum ekkert hvernig á að gera vagn þannig úr garði, að hann gangi. Þetta veit villimaðurinn ólíkt betur um áhöld sín. Þegar við innum af hendi greiðslu í peningum, hvernig stendur þá á því að eitthvað skuli fást fyrir þá, stundum meira og stundum minna? Ég þori að veðja, að fáum okkar bæri saman um svar við þeirri spurningu, jafnvel ekki þeim sem stunda hagfræði, eins og ég geri. En villimaðurinn velkist ekki í vafa um, hvernig hann á að fara að því að verða sér úti um sitt daglega brauð, og hvaða stofnana hann njóti þar að. Reglubundinn skilningur hefur yfirleitt ekki leitt til þessa, að menn viti meira en áður um aðstæður lífs síns. Hann táknar annað: nefnilega það, að nú vita menn eða trúa, að slík vitneskja standi þeim til boða, þegar þeir kæra sig um. Þar koma ekki við sögu neín dularöfl, sem sé ómögulegt að skilja, þvert á móti sé ekki til sá hlutur, sem sé ekki við yfirvegun að minnsta kosti hugsanlegt að ná valdi á. Þetta þýðir að öll forneskja hverfur. Villimaðurinn, sem lifir í heimi dularafla verður að grípa til töfra til að milda andana eða láta þá þjóna sér. En nú er sú þörf úr sögunni en í staðinn koma útreikningar og tæknibrögð. Þetta er kjarni þess segir hann, sem nefna má framsókn skynseminnar.

Þessum þætti í sögu okkar, sem Weber er að lýsa þarna, gaf hann nafn. Hann kallaði hann á þýzku: *Die Entzauberung der Welt* eða „aftöfrun veraldarinnar“ ef svo má kannske segja. En það er raunar ekki sá þátturinn í orðum hans um hvarf forneskjunnar, sem ég vildi víkja hér að, heldur hinn að hann vekur athygli okkar á, að þessi vísindalega skynsemistrú okkar daga, allar götur frá sautjándu öld í Evrópu, er sérkennileg að því leyti, að henni fylgir langsíaldnast skilningur á því sem við trúum þó að sé skiljanlegt. Og að þessu leyti þá má kalla þessa skynsemistrú skilningsvana. Og þessi skilningsvana skynsemistrú er raunar eitt höfuð-einkenni á menningu okkar sem nú lifum. Hvert okkar skilur ekki meira og veit ekki meira en Indíáni eða Hottintotti, nema síður væri. Hér er til dæmis tæki á borðinu sem ég botna ekkert í og hef aldrei skilið.

Það þarf væntanlega engum orðum að því að eyða hversu viðsjál þessi skilningsvana skynsemistrú er, en hvað sem því líður þá held ég að hún sé höfuðskýringin, eða ein höfuðskýringin á viðgangi hjáfræðanna. Menn eru vanastir því að þurfa að hlýða

sérfræðingum í blindni, jafnvel um jafn mikilvæg málefni og jafn einkaleg málefni og til dæmis heilsu sína, og þá er það kannske eðlilegt að þeir telji sér trú um, allur almenningur að minnsta kosti, að til séu samskonar sérfræðingar og lækna- r t. d. um allt sem heiti hefur og þeir hafa áhuga á, til að mynda líf eftir dauðann eða hvaðeina annað. Þess vegna nefni ég þetta, að ég ætlaði að nefna hin almennu rök gegn hjáfræðunum, og þau eru raunar rök gegn þessari skilningsvana skynsemistrú ef svo má segja.

Frá sjónarhóli alls þorra fræðimanna, okkar sem höfum atvinnu af fræðistörfum og eigum að þjálfa ungt fólk til slíkra starfa — þetta er nú gert í háskólum — frá okkar sjónarmiði er kjarni málsins um öll okkar fræði og vísindi sá, hve takmarkanir þessara fræða eru óskaplegar. Og að skoðun ýmsra heimspekinga, allt frá dögum Humes og Kants, þá eru sumar þessara takmarkana óyf- stíganlegar. Úr því ég nefndi Max Weber, þá hefur hann raunar rökstudda kenningu í bókinni sem ég nefndi, *Mennt og mætti*, um það að fræði og vísindi geti aldrei leitt neitt í ljós um það, hvernig mönnum ber að haga lífi sínu. Þetta er sú kenning hans sem hann kallaði sjálfur *kenninguna um blutleysi vísindanna*.

Vísindaleg eða fræðileg þjálfun, sem háskólum er ætlað að veita, er fyrst og fremst í því fölginn, að menn láti sér lærast, hvað lítið þeir vita og hvað gífurlega mikið þarf til að afla þekkingar. Tökum dæmi af jafn mikilvægri fræðigreini og læknisfræði, sem við leggjum stund á einkum vegna nytjagildis: heilsubrestur er eitt helzta áhyggjuefni hvers einstaklings, og þess vegna leggjum við stund á læknislist með gífurlegu fjármagni. En þrátt fyrir þetta, þá eru ekki meira en hundrað ár á að gizka síðan lækna- r fóru að geta meira gagn en ógagn með afskiptum sínum af sjúklingum. Þar til fyrir hundrað árum hefur læknastéttin beinlínis valdið heilsu- tjóni. Við teljum hinsvegar, að síðustu hundrað árin hafi þetta breytt, og nú megi þakka læknislistinni a. m. k. eitthvað um það að heilsufar er betra. Enn í dag vitum við nákvæmlega ekkert með vissu um áhrif lyfja á mannlíkamann. Hvert einasta lyf, sem menn úða í sig í tíma og ótíma, hefur aðskiljanlegar verkanir, sem við höfum ekki hugmynd um hverjar eru, og hvort þær eru hættu- legar eða ekki. Þetta er bara lítið dæmi um það, hve takmarkanir allra fræða eru miklar. Það eru þessar takmarkanir sem er raunar helzta skylda háskóla að reyna að innræta nemendum sínum. Hugsandi mönnum, sem hafa hlotið fræðilega þjálfun í einhverri fræði- grein, á einhverju þröngu sviði — og þjálfunina fá þeir aldrei

nema á mjög þröngu sviði — þeim virðist einsýnt, að af þessu megi draga þá ályktun, að við séum afskaplega fáfróð og máttvana gagnvart furðum náttúrunnar. Og það eina sem við getum gert er að reyna að bæta þar ofurlítið úr, eftir allra ströngustu nákvæmniskröfum, sem við getum frekast gert til sjálfra okkar. En af einhverjum undarlegum ástæðum — ég vona að þið séuð mér sammála um, að þær séu undarlegar — þá virðist öllum almenningi vera afskaplega illa við þessa ályktun — afskaplega illa við það, að fræðimenn játi vanmátt sinn og fáfræði. Allur almenningur virðist miklu heldur vilja trúá því, að sérfræðingarnir, sem ráði t. d. niðurlögum sjúkdóma, hljóti að vera til. Og ef hinir lærðu læknar bregðist, þá sé bara að leita til annarra lækna: anda-lækna, straums- og skjálftalækna, huldulækna eða hvað þeir nú heita. Þetta er undarleg ályktun af takmörkunum fræðanna.

Nú hef ég haldið því fram, að hjáfræði væru til komin af órök-réttri eða allavega órökstuddri oftrú á mátt mannlegrar skynsemi. En eins og ég sagði, þá hef ég minni áhuga á slíkum almennum rökum um samkenni eða eðli hjáfræða heldur en sérstökum rökum um innri gerð einstakra hjáfræðigreina. Og nú langar mig til að snúa mér að þessum sérstöku rökum, og reyna að skýra, hversvegna við, sem höfum atvinnu af einhverskonar fræðimennsku, eða a. m. k. allur þorri okkar, höfnum þessum hjáfræðum. Því við teljum okkur auðvitað gera það með rökum, en ekki af einskærum fordómum. Og þá held ég sé rétt að ég byrji á langsamlega virðulegustu hjáfræðigreini fyrir og síðar: sálgreiningarkenningu Sigmundar Freud. Það yrðu reyndar ekki allir sammála mér um að telja sálgreininguna til hjáfræða — þeir mundu heldur vilja telja hana á mörkum fræða og hjáfræða eða eitthvað slíkt, en sá ágreiningur skiptir engu meginmáli. Við skulum hyggja að kenningu Freuds, og ugglaust eru margir í þessu félagi, sem þekkja til hennar, því að Helgi Pjeturss skrifar um hana. Ég ætla ekki að hyggja nema að einum þætti hennar, og sá er eins og formaðurinn sagði hér í upphafi, draumtúlkunarkenningin. Í skýringarskyni held ég, að rétt sé ég segi ykkur fyrirburð, nefnilega einasta drauminn, sem mig hefur dreymt um dagana fyrir daglátum.

Pennan draum dreymdi mig í febrúar 1965. Þá bjó ég vestanhafs, á einum stúdentagarði Harvardháskóla. Og í draumnum þá fannst mér ég vera staddur á tjarnarbakkanum í Reykjavík, í Hljómskálagarðinum neðan Bjarkargötu, að vetrarlagi og jörð alhvít af snjó. Draumurinn var langur og flókinn, og mjög skemmti-

legur í ofanálag — en það eitt skiptir máli, að þarna á tjarnarbakkanum hitti ég amerískan féлага minn, sem Andrés heitir, og hann var í útprjónaðri litskrúðugri peysu eins og algengar eru á skíðamönnum til dæmis og með skauta yfir öxlina. Þegar ég vakna, þá er annar sambýlismaður minn og félagi á fótum og ég segi honum drauminn meðan ég var að hafa mig til, með því að hann var áhugamaður um fjörlega drauma. Hann sýndi því sérstakan áhuga, að sameiginlegur félagi okkar skyldi hafa komið þar við sögu, og það í skrautlegri peysu og með skauta, sem hvorugur okkar vissi til að hann kynni að fara með. Nú skemmtum við okkur góða stund við það, að þessi vinur minn, sem Róbert heitir, lagði út drauminn, þangað til ég átta mig allt í einu á því að ég er að missa af árbítnum í matsalnum og tek til fótanna. Og sem ég vind mér inn í matsalinn kem ég í flasið á Andrési á útleið. Og viti menn, hann er í peysunni úr draumnum, og með skautana. Ég horfði öldungis orðlaus á eftir honum út í buskann. Í hádegismatnum fékk ég færi á honum og þá kemur í ljós að hann hafði keypt sér skautana daginn áður, vegna þess að hann var að slá sér upp með stelpu, sem var góð á skautum, og þennan morgun hafði hann átt fyrsta stefnumótið við hana á skautasvelli þar í bænum. Við höfðum ekki hitzt í tvo eða þrjá daga, sem ekki var heldur von því hann hafði verið að hugsa um stelpuna. Og það vissi raunar enginn okkar féлага Andrésar af þessu ástarævintýri, og hvað þá að því væri ætlað að fara fram á skautasvelli, a. m. k. til að byrja með. Svo að hér hafði mig dreymt fyrir daglátum. Og það sem meira var, sem gerist ekki allt of oft, að ég gat staðfest þennan fyrirburð í bak og fyrir.

En nú hafði ég raunar lesið *Draumtúlkun* Freuds, og þekkti þá höfuðkenningu hans um drauma, að draumur manns um nótt ætti rætur sínar í reynslu hans daginn áður. Og nú vildi ég prófa þetta, svo ég settist við með hjálp vina minna og féлага, að rifja upp nákvæmlega hvað ég hafði gert og hvað hafði fyrir mig borið daginn áður. Þetta reyndist alveg gífurlega erfitt verk. Og þarf raunar engum að koma á óvart, því að flestir þekkja af eigin raun — það er algeng reynsla mín — að leggja eitthvað frá sér, finna það ekki, og verða þá að rifja það upp með mestu erfiðismunum hvað maður var að gera síðasta hálf tímamann, hvar maður hefði getað lagt hlutinn. Og þetta er gífurlega erfitt verk — minnið er svo svikult. Það var raunar ekki fyrr en seint um kvöldið, að ég mundi loks lítið atvik frá deginum áður. Á leið frá því að

sækja póstinn, hafði ég raunar barið á herbergisdýrnar hjá Andrésí. Herbergisfélagi hans hafði komið til dyra og sagt að Andrés væri ekki heima. Nú vildi svo til að þessi piltur var óvenjulega erfiður maður í umgengni, vegna þess hve hann var tregur til að sleppa manni, sem hann hafði tekið tali. Af þessum sökum varð stundum ekki hjá því komizt að sýna honum beina ókurteisi, ef maður missti þolinmæðina eða hafði ekki tíma. Og mér tókst nú að muna það, að nákvæmlega þetta hafði gerzt við herbergisdýrnar daginn áður. Ég hafði tvístigið vandræðalega fyrir framan herbergisdýrnar — hann stóð í gættinni — og hugsað um það, hvernig ég gæti losnað frá honum, því að hann byrjaði strax að tala við mig um einhver hugðarefni sín. Og loks hafði ég stöðvað hann í miðri setningu og skundað burt til vinnu minnar. Og nú var ekki annað eftir en að spyrjast fyrir um hvar peysan góða og skautarnir hefðu verið þessa stund. Peysan hafði legið útbreidd á stóli í stofunni, og skautarnir á gólfinu hjá. Svo þessa góðu gripi hafði sumsé borið fyrir augu mín þennan dag, án þess ég veitti því minnstu athygli, og öllu atvikinu gleymdi ég óðara svo rækilega, að það var ekki fyrr en eftir margra klukkutíma upprifjunartilraunir næsta dag, að mér tókst að rifja það upp, að þetta hefði gerzt. Hér var þá komin skýring á draumnum, eða þessum parti hans, eftir forskrift Freuds. Hún er ugglautst alveg óaðfínanleg sem slík, svo langt sem hún nær. En nú vita menn, að Freud hefði ekki látið við þessa skýringu sitja, heldur hefði hann viljað þrjúna mikið við hana, og það er þar sem koma til sögunnar hinar sérkennilegu kenningar hans. Draumkenning Freuds var tvíþætt: hún kvað ekki einungis á um upptök drauma í vökureynslu — og ævinlega í vökureynslu daginn áður ef draumurinn fór fram um nótt, en ekki til dæmis tveimur dögum áður eða þremur dögum áður — heldur kvað hún líka á um hitt, að í draumnum rættust óskir manna, sem ekki næðu fram að ganga í vöku. Og það er þessi síðari hluti hennar, um óskir, sem ná fram að ganga í draumi, sem hjáfræðablærinn er á.

Að upptökum draumsins röktum hefði Freud spurt, hvers vegna ég gleymdi atvikinu, sem kom upp í draumnum. Svar hans við því hefði verið, að í stað þess að segja, að ég hefði gleymt því, eins og við raunar gleymum flestu, sem fyrir okkur ber, þá skyldum við segja, að ég hefði bælt atvikið, og væntanlega, vegna atvikalýsingarinnar, bælt það vegna þess að ég hafi skammast mín gagnvart piltinum sem mér hafði láðst að sýna fyllstu nærgætni.

Og í draumnum rætist svo óskín, sem var undirrótin að atvikinu og hafði bælzt með því: ég hitti féлага minn sem ég hafði átt erindi við.

Nú hefði ég raunar getað — og það er raunar langalgengast þegar menn tala um Freud — tekið ótöluleg meira eða minna fáránleg dæmi um beitingu Freuds á þessari kenningu sinni, bæði úr *Draumtúlkun*, þessu höfuðriti hans um drauma, eða úr bók hans sem heitir *Sálsýkisfræði daglegs lífs* sem er syrpa af hversdagslegum atvikalýsingum með sálgreiningartúlkunum. Það er afskaplega algengt, að þessar túlkanir verði allt að því broslegar, broslega fáránlegar eiginlega. En ég hef ekki viljað fara þannig að honum — ég hef tekið dæmi af þessum draumi mínum, vegna þess að mér virðist það alls ekki vera fáránlegt, við fyrstu sýn. Öðru nær, ég á afskaplega auðvelt með að fallast á tilgátuna um ósk og bælingu um þennan draum. En það er einmitt þessvegna sem það er fróðlegt að athuga nánar þessa tilgátu, og átta sig á því, að hún styðst ekki við nokkur rök. Ég hef auðvitað eins og allir aðrir orðið fyrir því ótal sinum að skammast mín fyrir eitt-hvað sem ég geri án þess að ég gleymi því; því miður, það væri ugglaust ágætt að geta gleymt öllu slíku. Og auðvitað gildir það um mig eins og flesta eða alla aðra, að langfæstar óskir mínar rætast í daglegu lífi: ég hitti ekki þá sem ég vil hitta, það fæst ekki í búð sem mig vantar, mér gengur ekki jafn vel að kenna eða skrifa og ég mundi vilja eða hvaðeina — án þess þó, að þessar óskir mínar rætist í draumum mínum. Svo að þessi óskakenning er eiginlega, um leið og hug er um hana leitt, öldungis ónýt. Það sem meira er: hún er þegar öllu er á botninn hvolft alls enginn kenning, heldur er hún *forskrift að túlkun*, sem menn geta síðan beitt, hver fyrir sig eftir geðþótta sínum, án þess nokkurntíma sé kostur á að fá úr því skorið hvort túlkunin stenzst eða ekki. Því ræður bara hver fyrir sig. Ef menn eru sannfærðir um gildi túlkunar Freuds fyrirfram, þá er auðvitað leikur einn að beita henni í tíma og ótíma — og fá staðfestingu á henni hverju sinni, í hvert sinn sem þá dreymir draum. Og raunar er nokkuð algengt, vegna áhrifa Freuds sem rithöfundar, einkum og sér í lagi í Bandaríkjunum, að fólk taki slíka trú á sálgreininguna, læri hugtökin, orðafordann, sem sálgreiningunni fylgir um bælingu, viðnám o. s. frv., og geti síðan notað þessi orð um allt að því hvert einasta atvik. Það er einmitt að þessu leyti sem sálgreiningin er sambærileg við hjáfræði eins og til dæmis stjörnuspeki. Ef maður

trúir á stjörnuspádóma, og hagar lífi sínu eftir stjörnuspánni í einhverju blaðinu, þá fær hann auðvitað dásamlega staðfestingu á áhrifum stjarnanna á líf sitt hvern einasta dag.

Það er raunar eitt samkenni flestra hjáfræða, að þau eru slíkr túlkunarfræði, þar sem einstaklingsbundin túlkun, sem engin leið er að prófa, er grundvöllurinn að allri kenningasmíðinni. Það er umhugsunarvert, að slíkar túlkanir leggjum við raunar stund á í listfræði, þar sem við túlkum málverk og tónverk og kvæði með slíkum hætti. En á þeim sviðum dettur auðvitað engum heilvita manni í hug, að um vísindi eða fræði sé að ræða. Menn vita það, að gagnrýni er list, og meira að segja mjög vandasöm list, sem varla getur heitið að nema örfáir hafi á valdi sínu. Þessvegna er flest sú listrýni, sem við lesum frá degi til dags tómmt raus.

Nú held ég, að hið sama sé að segja um draumakenningu Helga Þjeturss og kenningu Freuds, að hún sé með áþekkingu hætti reist á túlkun bæði drauma og hversdagslegra atvika. Kjarninn í kenningu Helga er sá, að draumlífið stafi af hugsanaflutningi — eða svo notað séu hans eigin orð — á sinna tíma vísu talaði hann efnishyggjumál — að „ástand eins heila og eins taugakerfis komi fram í öðrum heila og taugakerfi“ — „líkt og loftskæti berast“, segir hann. Og þegar Helgi reynir svo að rökstyðja þessa kenningu, þá verður það fyrst fyrir honum að vitna í sína eigin drauma og segja til dæmis að hann líti sjálfur öðruvísi út í draumi en í raun og veru. Í einni af bókum Þorsteins Guðjónssonar kemur fram, að þessi reynsla sé all-almenn, þ e. a. s. hún virðist vera þín reynsla (Þ. Guð.) og margra sem þú vitnar til, en hún er til dæmis ekki nógu almenn til þess að hún komi heim við mína reynslu — þvert á móti — né satt að segja nokkurs manns sem ég hef spurt um þetta. Ég hef núna á síðastliðnum fáum dögum verið að spyrja málvini mína um þetta, og kannast enginn við úr sínum draumum. Það er hinsvegar ekki aðalatriðið, því hversu almennt sem svona lagað er, þá skiptir það ekki máli, heldur hitt, að hér er bara um persónulega reynslu að ræða, sem er breytileg frá einum manni til annars. Og hið sama er auðvitað um aðrar lýsingar Helga að segja á draumum sínum. Þær eru afskaplega eftirtektarverðar heimildir um merkilegan mann, en þær eru heldur ekkert meir. Helgi vitnar náttúrulega sjálfur, og stundum af nokkru yfirlæti, til langvinnrar athugunar sinnar á draumum og til náttúrufræðiiðkana sinna, sem eiga að tryggja það

að hann hafi gleggri athyglisgáfu en aðrir o. s. frv. En auðvitað verða þessar yfirlýsingar eiginlega til þess að gera draumalýsingar hans tortryggilegri, því ef hann hefði jafn traust rök fyrir kenningu og hann telur sig hafa, þá þyrfti hann ekki á því að halda að skýra lesandanum í sífellu frá því hvað hann sé mikill náttúruskoðari, og hvað hann hafi þjálfaða athyglisgáfu úr jarðfræðiiðkunum sínum o. s. frv. En hvað sem því líður þá blasir það við, að þótt Helgi kunni að hafa verið hinn ágætasti náttúrufræðingur, sem hann víst var, þá þurfa draumar hans ekki þar fyrir ekki að hafa verið minnstu vitund merkilegri en til að mynda mínir. Svo að þessi sjálfslýsing á draumum er eiginlega næsta léttvæg.

En Helgi hefur önnur rök fyrir þessari hugsanaflutningskenningu um drauma. Og þar kemur einmitt túlkun hversdagslegra atvika inn í dæmið. Hann fer að skoða drauma sína í ljósi daglegrar reynslu sinnar. Síðan reisir hann á túlkun þessarar reynslu kenningar, bæði um draumgjafa og draumstillu, sem hann kallar. Og hann segir:

Hver maður er annars stillir, segir hann, þegar ræðir um sambandið við þá sem aðrar stjórnur byggja. Ég hef revnt það ákaflega oft, hvort það geti orðið minn eigin vilji, mitt eigið hugarfar, sem sambandinu réði. En þær tilraunir hafa aldrei tekizt. Alltaf hef ég fundið að það var annarra hugarfar, sem sambandinu réði og einkum hugarfar þeirra gagnvart mér. Áhrif frá öðrum ráða því mest, hvort mig dreymir vel eða illa. Draumgjafinn er oftast maður sem er í helvíti, þ. e. a. s. þar sem er ófegurð, eynd og kvöl, eins og á jörðu hér, eða ennþá ver.

Þetta skýrist svolítið betur þegar hann segir frá því, að sig dreymi betur en vanalega, ef hann hefur hitt að máli daginn áður séra Guðmund Helgason í Reykholti eða Þorstein Erlingsson, en báða þessa menn dáði hann mikið, að því er virðist. Eða þegar hann segir vegna reynslu sinnar af öllum þorra manna:

Auðvelt mun mér verða að ná líkamskröftum mínum og ráða við þá örðugleika, sem nálega hafa gjörspillt ævi minni, þegar gagnvart mér verður farið að taka á greindinni svo sem nauðsyn er á. En það hefur mjög mikið á vantað. Svefnsambönd þau sem hugarfarið til mín hefur skapað mér, hafa verið í ótrúlegasta lagi, fábjárnar, vitfiringar, verur sem hafa svo ófullkominn heila, að varla geta menn kallazt.

Og hér verður bersýnilegt, að kenningin er reist á persónulegum túlkunum Helga á hugarfari annarra gagnvart honum sjálfum. Nú eru það slíkar persónulegar túlkanir, sem við viðhöfum auðvitað öll í daglegu lífi okkar, og það eru þær túlkanir sem ráða því, hverja við veljum okkur að vinum o. s. frv. En þegar kenning er reist á slíkum túlkunum, þá er auðvitað hið sama að segja og um kenningu Freuds, að kenningin fellur á því að hún er óhrekjandi. Þ. e. a. s. ef maður tekur trú á slíka kenningu, þá verður allt líf hans frá degi til dags, að samfelldri röð sannana fyrir kenningunni. Á Íslenzku eigum við raunar orð um slíka menn: við segjum að þeir séu rökheldir.

Af almennri fyrirburðafraeði er raunar sömu sögu að segja og þeim kenningum þeirra Freuds og Helga Þjeturss sem ég hef verið að reyna að lýsa lauslega. Sérhver fyrirburður — draumur fyrir daglátum, orð miðils á andafundi eða hugsanaflutningur eða skyndilegt hvarf hluta — er persónuleg túlkun á mjög flóknum atvikum. Á hverju slíku atviki eru ótal skýringar hugsanlegar. Og það er yfirleitt afskaplega erfitt, og oft öldungis ókleift, að komast að nokkurri skvnsamlegri tæmandi skýringu. Það er yfirleitt ekki hægt að gefa tæmandi skýringar á neinum atvikum: eldsvoða til dæmis. Nú ef menn eru svo fyrirfram trúaðir á einhverja hjáfræðakenningu, þá eiga þeir hægt með að gera grein fyrir undarlegum atvikum, hver eftir sinni kenningu. En gallinn er sá að þeir geta aldrei útilokað aðrar hugsanlegar skýringar. Og þess vegna verða kenningarnar ekki teknar alvarlega sem fræði. Þær eru bara einstaklingsbundnar túlkanir og annað ekki, persónulegur skilningur, sem maður getur lagt í sína reynslu, sína persónulegu reynslu, en hann getur aldrei ætlazt til þess með neinum skynsemdarrökum, að aðrir túlki lífið og tilveruna á sama hátt — frekar en nokkur karlmaður getur ætlazt til þess að öllum öðrum karlmönnum finnist konan hans vera fallegasta kona í heimi, eins og honum finnst kannske. Og þetta merkir raunar, að hér er ekki um fræði eða vísindi að ræða eða fræði, heldur hjáfræði, nema þá sjaldan að slíkar persónulegar sýnir manna, persónulegur skilningur sem þeir leggja í reynslu sína, verða að listaverkum.

Þá hef ég reynt að skýra meginrökin gegn hjáfræðum af öllu tagi, og þau lúta einmitt að hjáfræðunum sem túlkunarfræðum. Og þetta eru rök held ég, sem allur þorri fræðimanna mundi fallast á. En nú vita þau ykkar sem lesið hafa samantekt mína

um rökfræði og trúna á annað líf, að ég hef sem háskólakennari í heimspeki svolítið meira um fyrirburðafræði að segja en þessi almennu orð, sem eiga við um öll svona túlkunarfræði. Því raunar held ég, með heimspekilegum rökum, að sumar kenningar fyrirburðafræðinga, séu ekki aðeins ófullkomnar af því að þær séu reistar á einstaklingsbundnum túlkunum atvika, heldur held ég að þær séu beinlínis rangar. Og þetta eru þær kenningar, sem óhætt er að kalla andatrú, þ. e. a. s. þær kenningar sálarrannsóknara og annarra slíkra, að t. a. m. það sem gerist á miðilsfundum megi hafa til marks um framhaldslíf í öðrum heimi. Þessi trú er oft studd þeirri broslegu röksemd, að það sem miðillinn sagði hefði enginn getað vitað nema hinn framliðni. Þetta er bara hugsunarvilla, og ég þarf ekki að eyða neinum orðum að henni. Ég held ég fari ekki að endurtaka neitt af því, sem þarna stendur í fjölrítinu.

Það væri heldur að ég klykkti út með því, að síðan ég samdi þessa litlu ritgerð fyrir ári, þá hef ég að einu leyti skipt um skoðun. Ég segi í erindinu frá kenningum ungs amerísks heimspékings, sem Saul Kripke heitir, og er raunar skólafélagi minn frá Harvardháskóla. Hann hefur eiginlega lagt undir sig heim háskólaheimspekinnar á síðastliðnum tíu árum, með mjög nýstárlegum og merkilegum kenningum, rökfræðilegum kenningum, og ég var eiginlega ekki búinn að gera upp hug minn, þegar ég tók saman erindið um rökfræði og trúna á annað líf, um sum af þessum atriðum, svo að ég sagði bara frá því að þessar kenningar væru til, og of snemmt að segja til um hvað væri til í þeim. En nú hef ég getað notað veturinn í vetur til þess að fara vandlega með stúdentum í gegnum öll helztu rit Kripkes, og hef eiginlega látið sannfærast um margt af því, sem hann segir. Og kjarninn í því sem hann hefur fram að færa, er sá, að hann hefur að heita má afsannað alla efnishyggu í þeim myndum sem hún hefur tekið á sig í ritum heimspekinga til þessa dags.

Efnishygga hefur alltaf, allt frá fornöld og fram á 20. öld, verið minnihlutaskoðun meðal heimspekinga. Þeir hafa flestir talið, að það væri ekki hægt að koma viti í neina efnishyggukenningu. Og höfuðrökin, sem menn hafa haft fyrir þessu hafa verið þau helzt að ef menn haldi að vitundarfyrirbæri, eins og hugsanir eða draumar, eða bara tilfinning eins og sársauki séu efnisleg fyrirbæri, þá strandi sú samsömun efnisfyrirbæranna og vitundarfyrirbæranna á því, að það verði eitt og annað ber-

sýnilega sagt um vitundarfyrirbærin sem slík, sem ekki verði sagt um efnisfyrirbærin. Til dæmis er ekki hægt að mæla hraða hugsunar. En það er hinsvegar hægt að mæla hraða alls, sem gerist í heilanum, þegar maður hugsar. Og vegna þess að þarna virðast heilaferlin hafa ólíka eiginleika, sem ekki verða eignaðir vitundarfyrirbærum eins og hugsunum og svo framvegis, þá hefur heimspekingum alltaf þótt sem efnishyggja væri fráleit. Enginn meiriháttar heimspekingur hefur nokkru sinni verið efnishyggjumaður í sögunni — alls enginn. En minni háttar höfundar hafa verið það — t. d. reyndi franskur læknir á átjándu öld að vera efnishyggjumaður. Sá hét La Mettrie.

En á tuttugustu öld, eftir miðja tuttugustu öld, þá breytist þetta og allt í einu verður til mjög faguð efnishyggjukenning, í Ástralíu raunar, eftir þrjá áströlska heimspekinga, sem voru upphaflegir höfundar að henni, og búa til efnishyggjukenningu, sem er í því fólgin að réttlæta samsömun efnisfyrirbæra og vitundarfyrirbæra, eða því að gera nákvæman samanburð á efnishyggjukenningu annarsvegar og kenningum um eðli náttúrufyrirbæra hinsvegar, eins og þegar við segjum til dæmis að hiti sé í eðli sínu hreyfing sameinda, eða að ljós sé í eðli sínu straumur ljóseinda eða að vatn sé H^2O eða að elding sé afhleðsla rafmagns milli skýja og jarðar. Og annað slíkt. Og það blasir auðvitað við að við virðumst trúá því, að þarna sé tæmandi grein gerð fyrir slíkum fyrirbærum. En eftir sem áður þá getum við engu síður lýst eldingunni á margan máta, án þess að lýsingin á eldingunni sé yfirfærð á afhleðsluna og öfugt, við getum sagt eitt og annað um afhleðsluna, sem við getum ekki sagt um eldinguna sem sýnilegt fyrirbæri. Og við getum sagt eitt og annað um vatn, vatnið í glasinu t. d., sem við getum ekki sagt um eindirnar. Og þessvegna sögðu þessir nýju áströlsku efnishyggjumenn að efnishyggjukenningin um vitundarlífið, samsömunin á vitundarstarfinu og heilastarfinu, að hún geti vel verið venjuleg vísindaleg samsemdarkenning, — eins og þessar alkunnu kenningar um hitann, ljósið vatnið og svo framvegis. Heimspekingar sátu svo við í tuttugu ár og hugsuðu upp allskonar andmæli, smáaðfinnslur við smáatriði í þessari kenningu og aðrir skrifuðu stórar bækur til þess að fága hana. Það virðist hinsvegar koma í ljós við kenningu Kripkes, að öll þessi efnishyggja sé byggð á sandi.

Ég er nú búinn að tala svo lengi að ég get ekki eytt tíma til þess að fara út í þetta í neinum smáatriðum, en ég vildi nú samt

nota tækifærið til að segja áhugamönnum um heimspeki frá þessu, því að þetta eru einhver merkilegustu nýmæli í háskólaheimspeki okkar tíma. Og ég held ég geti kannske skýrt hugsunina, sem er fólgin í flókinni rökfræðilegri kenningu Sauls Kripke, þannig að menn skilji kannske meginhugsunina í andmælum hans við efnishyggjunní. Og það vill svo til, að það er einmitt freistandi, að grípa til guðfræði til þess að reyna að skýra þessa hugsun. Við skulum þá hugsa okkur, að guð sé að skapa heiminn, og nú skulum við spyrja: hvað þarf guð að gera, þegar hann skapar heiminn, til þess að hiti verði hræring sameinda í þessum heimi? Og um leið og þið veltið þessu fyrir ykkur, þá sjáið þið væntanlega í hendi ykkar, að guð virðist aðeins þurfa að skapa hræringuna. Hann skapar eindirnar, og setur þær af stað. Og þegar hann er búinn að þessu, þá er hann búinn að skapa hitann. Og það eru brennandi eldar út um allt: sólir við sólir í ótal heimskerfum, og brennandi hiti, hvort sem nokkrar lífandi eða skynjandi verur eru til í heiminum eða ekki. Í sköpunarsögunni raunar, þá segir guð á fyrsta degi: Verði ljós! og þá skapar hann strauma ljóseinda. Og svo er það ekki fyrr en á fimmta og sjötta degi, sem hann skapar lífandi verur og menn til þess að skynja ljósið.

En hvað eigum við nú að segja um það sem nefnt er heilatrefjar, ertingu heilatrefja: lífeðlisfræðingar kalla C-trefjar þær trefjar heilans sem haldið er að séu að verki í sársaukaskyninu. Til þess að skapa ertingu slíkra trefja, þá þurfti guð að skapa trefjarnar sjálfar, og eitthvað sem ertir þær, og það skiptir bersýnilega engu hvort verurnar sem fyrir ertingunni verða, finna til eða ekki. En þegar hann er búinn að skapa trefjarnar og skapa rafmagn t. d. til þess að erta þær, þá virðist það vera nýtt viðfangsefni fyrir hann að láta þessa ertingu vera skynjaða sem sársauka, þ. e. a. s. verurnar sem hann gæðir vitund, verða að skynja þessa ertingu þessara trefja sem sársauka en ekki sem kitlur t. d. eða sem kláða eða fiðring eða kulda. Og guð virðist vissulega eiga þessara kosta vöð, þegar hann er búinn að skapa heilatrefjarnar. Og ef hann á þessara ólíku kosta vöð þá er sambandið milli C-trefjaertingar og sársauka ekki samsemd, þ. e. a. s. þá getur þetta tvennt ekki verið eitt og hið sama, vegna þess að þá gæti hvort um sig verið til án hins, og af því leiðir að það getur ekki verið sama fyrir bærið. Þetta er meginhugsunin í kenningunni.

Nú virðist vissulega mega draga þá ályktun af kenningum Sauls Kripke, að efnishyggja, a. m. k. í öllum þeim myndum sem heim-

spekingar hafa frekast getað búið henni, sé röng kenning. Hinsvegar brýni ég það enn fyrir þeim ykkar sem hafa lesið ljósrít mitt, að þetta breytir í rauninni engu í andmælum mínum við andatrú, því raunar fylgir það kenningu Kripkes, að ef við föllumst á hana, eins og ég hef raunar tilhneigingu til að gera, þá föllumst við þar með á að hlutirnir hafi eðlislæga eiginleika, og til að mynda sé það eðli hita að vera hreyfing sameinda, og eðli ljóss að vera straumur ljóseinda o. s. frv. Og þegar þessari hugmynd um eðlislæga eiginleika hlutanna er beitt, þá kemur í ljós, og er raunar einfalt að sannfæra sig um að svo hljóti að vera, að hverju okkar virðist vera eðlislægt efnislegt upphaf sitt. Þ. e. a. s. enginn okkar gæti verið sá sem hann er hefði ekki tiltekið frjó sameinast tilteknu eggj og orðið að tiltekinni frumu. Þannig lifa andmæli mín af í þessari kenningu Kripkes. Ef efnislegt upphaf okkar er okkur eðlislægt, þá verðum við ekki með neinu móti samsömuð neinni veru, sem er þetta upphaf ekki eðlislægt, og þar með engum anda í öðrum heimi, jafnvel þó að við hefðum sjálfstæð rök fyrir því að slíkur annar heimur sé til og andar í honum. Þannig að andatrúin virðist vera bábilja, hvernig sem á hana er litið. En úr því að efnishyggjan virðist vera röng líka, þá stöndum við núna í þeim sporum gagnvart mesta undri veraldarinnar, sem er mannleg vitund um þessa veröld, að hljóta að kannast við það, sem flestum mönnum er svo feikilega örðugt að kyngja, nefnilega það að við vitum ekki.

Svo þakka ég fyrir afskaplega gott hljóð.

Um ræður

(*Þorsteinn Gylfason, Páll Steinarsson, Þorsteinn Guðjónsson, Guðmundur Jónsson, Ingvar Agnarsson, Magnús Skarphéðinsson, Sveinn Haraldsson, Ævar Jóhannesson og Reynir Axelsson*).

P. Guð.: Já við viljum þakka þér fyrir þessa ræðu þína, og ég hef sérstaka ástæðu til þess, þar sem þú hefur tekið til greina orð, sem ég skaut að þér þarna, orð, sem ég frá íslenzkusjónarmiði tel betra heldur en dulsálarfræði, sem sumir hafa notað — vegna þess að það ætti ekki að þurfa nafnið „dul“ þar sem um vísindi er að ræða. Það að gera ljóst yfir hlutunum er yfirleitt viðfangs efni vísinda. Aftur á móti vissum við það líka, að þú værir það, sem þú vilt kalla „andófsmaður“ gegn einmitt þessum fyrirburðafræðum, — og náttúrlega er hverjum heimilt að taka þá afstöðu sem hann vill. Og eins og þú segir þá ert þú síður en svo einn á báti. Þó er ég ekki viss um, að þú hafir alveg gert þér grein fyrir því, hvað breytingin hefur orðið tiltölulega mikil á síðustu tíu árum, segjum, frá því sem var, þegar þú varst í háskóla fyrir vestan haf. Það er til dæmis kunnugt, að árið 1969 samþykkti ameríska vísindaframfarafélagið A. A. A. S., að veita fyrirburðafræðingum upptöku í sitt samband. Og þetta verður að líta á sem viðurkenningu á þessum fræðum, að vissu marki, — þó að það feli ekki í sér, að allir viðurkenni niðurstöður þeirra. Það er sem sé ekki — eins og sumir hafa stundum viljað vera láta, um að ræða einhverja hjátrú, þar sem þessi fyrirbæri eru. Þetta eru vel rannsókuð fyrirbæri. T. d. hélt hinn kunnir J. B. Rhine, því fram, að þau væru með þeim best sönnuðu fyrirbærum sem til væru, það væru einmitt þessi fjarhrif og slíkir hlutir. En þetta er náttúrlega töluvert mikið grundvallaratriði í heimsskoðun, hvort slík fyrirbæri, jafnvel þau einföldustu, eru viðurkennd, og ég verð nú að segja það, að mér hefir fundizt gagnrýnin oft miðast við það, að viðurkenna engin þau fyrirbæri, sem gætu bent til, að þarna kæmi til greina þessi orka, sem Helgi Pjeturss var að tala um og nefndi líforku og lífgeislun.

Hinsvegar er svo það, sem þú sagðir um kenningu Freuds: Okkur er vel ljóst að kenningar um eðli drauma eru oft byggðar á dálítið veikum fótum. Og við gætum alveg að vissu marki tekið

undir það, að kenning Helga Pjeturss mætti vera betur undirbyggð, með viðtækara safni athugana. En þó er það svo, að allra fyrstu frumatriði hennar, þau hafa yfirleitt farið framhjá þeim, sem þá sjaldan hafa fengið menn til þess — hafa verið að gagnrýna hana. Það er til dæmis þessi spurning: Hafa menn nokkuð veitt athygli þess um mun — já til dæmis Freud, sem var heimsfrægur, margfrægur, það hefur verið svoleiðis hrópað upp um hann um allar jarðir — það er mjög fróðlegt að sjá að það er farið að fjara út — en hafði hann nokkur tíma gert sér grein fyrir þeim mun, sem er á því að sjá hlut, og því að hugsa sér hlutinn, og svo hinu, hvoru það sé nú líkara, að dreyma hlutinn. Þetta er dálítið frumatriði. Í öðru lagi, eins frægur og Freud var, þá viðurkenndi hann hugsanaflutning — og er honum nú nokkuð útskúfað fyrir það? Ég er hræddur um að hann hafi fengið fullan byr þrátt fyrir það. Og þá komum við aftur að þessu kjarnaatriði, sem er þessi orka, sem Helgi Pjeturss var að halda fram á grundvelli rannsóknar: að þessi orka nái til stjarnanna á augabragði. Þ. e. a. s. að það sé samfelldur tími í alheiminum, kosmiskur tíma, og eins þegar farið er að tala um guð — þú minnst á guð þarna áðan — er það kosmiskur guð (guð í alheimsgeimi) eða guð eins og sautjándu aldar menn trúðu á hann? Það er töluvert atriði. Ég vil nú ekki lengja þetta með því að rifja upp ýmis atriði í þessu — ég býst við að aðrir verði til þess — en ég hafði svolítið gaman af því þegar kom þarna fram orðið rökheldur. Við vorum einhver tvö eða þrjú að tala saman hérna í gærkvöldi, og komum í því sambandi að gagnrýni ýmsra manna, sem við höfum lengi tekið eftir, gagnvart fyrirbærum fyrirburðafræðinnar, hvort það væri ekki dálítið um það þar, að menn væru rökheldir. Ég vil nú ekki setja þetta hér á oddinn, en ég hafði bara gaman að því, að þetta skyldi koma þarna upp. Og svo ætla ég nú ekki að segja fleira.

Þ. Gyl.: Það er eitt atriði sem ég vildi nefna hér: það er það einkenni drauma að í draumi er sjónskyn að verki, sem Helgi orðar svo, eins og þú sagðir, að það sé reginmunur á því að hugsa um hlut, rifja hann upp í huganum annarsvegar og hinsvegar að dreyma hann. Þetta er að ég bezt veit alveg fullkomlega gamalkunnugt atriði. Þetta var atriði sem Freud þekkti mæta vel, vegna þess að þetta er til dæmis rakið vandlega í bók Aristótelesar um drauma. Freud skrifar sögulegan inngang að sinni kenningu, þar sem hann rekur allar eldri kenningar um drauma, allt frá Aristótelesi og áfram. Nú meira að segja Helgi Pjeturss vissi það

vel að þetta var ekki nýmæli, hann hafði rekizt á þetta hjá Schopenhauer.

Þ. Guð.: Hvernig gerir Freud þá grein fyrir því? Hvernig flokkar hann drauma gagnvart þessu?

P. Gyl.: Það þarf ekki að vakna bein spurning um flokkun drauma í þessu sambandi. Vel að merkja þá er þetta ekki algilt, vegna þess að það hafa margir svo glöggst ímyndunarafli, að þeir geta séð fyrir sér í huganum, líkt og flest okkar sjá hlutina í draumi og í vöku. Og af því að ég var að nefna þennan gamla skólafélaga minn Saul Kripke, hann hefur raunar þessa sjóngáfu, að geta séð fyrir sér blaðsíðu úr bók og lesið upp úr henni í vöku.

Rödd: Hann verður þá að hafa lesið hana áður.

Þ. Gyl.: Já auðvitað. Þetta er sumsé alkunnugt fyrirbæri.

M. Ska.: Er þetta ekki bara mjög sterkt minni?

Þ. Gyl.: Þetta er sjónminni, svona gífurlega sterkt sjónminni.

Þ. Guð.: Já, ég mundi þá vilja spyrja þig: finnst þér þú hafa þetta sjónminni, að þú sjáir hlut bara með því að loka augunum?

Þ. Gyl.: Nei, nei, ég hef ekki þessa tegund af ímyndunarafli.

Þ. Guð.: Nei, þú hefur það ekki. Ég hef það ekki. Og ég er hræddur um að þessi dæmi um það, sem menn telja vera . . . að þau séu dálítið sérstök í eðli, og það mætti jafnvel rannsaka þau frá nýju sjónarmiði. En sérstaklega vildi ég benda á þetta, að munurinn á að sjá, þessi sem þú viðurkennir, munurinn á að sjá og hugsa sér, Freud tekur hann ekki til greina gagnvart draumum. Hann gerir sér ekki grein fyrir því, að draumurinn er hreinar og beinar skynjanir. Hann skýrir ekki hversvegna draumurinn er skynjun.

Þ. Gyl.: Ég er ekki viss um að það þurfi að skýra það, ég er ekki viss um að þetta sé galli á draumakenningu Freuds. Hann gæti sagt eins og einhver sagði áðan: þetta er bara sjónminni.

Sv. Har.: Það kemur nú í ljós við athugun á draumum, að þeir eru nú einmitt ekki upprifjun endurminninga — samanber þinn draum áðan.

Þ. Gyl.: Já, þarna stendur náttúrlega ágreiningurinn milli allskonar kenningasmíða um drauma. Ég trúi því sjálfur um drauma, að það sé engin ein kenning rétt um þá.

M. Ska.: Hérna til dæmis, ef ég spyr um fræðilegt atriði. Hvernig er til dæmis fólk, sem er blint, og hefur alla tíð verið blint. Það dreymir mjög skýrt og þekkir liti, hefur aldrei haft neinn samanburð á minningum sínum.

P. Gyl.: Já, það er rétt. Blindir eru alltaf fróðlegt dæmi í öllum þessum efnum. Að vísu veit ég ekki hvort þið hafið nokkurntíma talað við blindan mann um liti. Það er mjög fróðleg reynsla. Hann verður auðvitað að hafa verið blindur frá fæðingu. Og þeir, blindir menn hafa glöggar hugmyndir um liti, skrítnar hugmyndir finnast okkur óneitanlega. Það er eðlilegt að litir séu þeim mikið umhugsunarefni, þ. e. a. s. að þeir velti þeim mikið fyrir sér. Ég hef ekki nema einu sinni talað við slíkan mann, sem var prófessor í Oxford, sem hafði verið blindur frá fæðingu. Hann tengdi liti við hljóð, og hafði gaman af að bera saman bækur sínar við sjáandi menn, um það hvort gulur litur væri eins og lúðurhljómur o. s. frv.

P. Guð.: Var það reynsla hans af litum í draumi?

P. Gyl.: Nei. Hann dreymdi auðvitað. En hann gat aldrei verið viss, ef maður spurði hann: Dreymir þig í litum? sem er einhver algengasta spurning sem menn spyrja um drauma. Þá varð hann auðvitað sem skynsamur maður að svara: ég veit það ekki, því ég hef aldrei séð liti.

M. Ska.: Já, en hvernig skýrir Freud það þá með blinda menn, sem aldrei hafa séð liti? — Kenningar Freuds byggjast á endurminningum.

P. Gyl.: Já, en við höfum annars konar minni en sjónminni, önnur skynfæri.

M. Ska.: Setur hann þetta þá í samband við önnur skynfæri, sem þá heyra þetta og skynja og búa þetta til bara?

P. Gyl.: Já, ósköp einfaldlega Þið megið náttúrlega ekki gleyma því, að aðalatriðið í kenningu Freuds eru flóknir draumar. Aðalviðfangsefni hans eru gífurlega flóknir draumar, sem hann reynir að rekja sundur og túlka. En um þessi frumatriði, þar skrifar hann stutt og tiltölulega skýrt mál. Og þá er kjarninn í kenningunni sá að draumur sé einskonar upprifjun, ekki bókstafleg upprifjun. Það er sumsé ákveðið minni að verki, og eftir þessari reglu, að það er ævinlega bundið við daginn áður. Það er aldrei langtímaminni, sem þar er að verki.

M. Ska.: Það er gert ráð fyrir, að önnur skynfæri geti skynjað svona vel, og framleitt þessar minningar.

P. Gyl.: Já.

P. Guð.: Já, mér datt í hug þegar þú varst að tala. Þetta er nú svolítið farið að snúast um kenningu Freuds, sem þú að vísu gagnrýndir þarna áðan, — en hún er engu að síður sú sem er

haldið á loft — enn þann dag í dag, þrátt fyrir ýmis áföll. Það er kunnugt um nýrri rannsóknir sem gerðar hafa verið á draumum með því að athuga dreyvendurna, — hófust í Bandaríkjunum upp úr 1950. Og þessar athuganir hafa meðal annar leitt það í ljós, að draumalengdin, eða lengd atvikaraðar í draumi, hún er mjög samsvarandi því sem atvikaröðin mundi vera í eðlilegu umhverfi. T. d. ef maður hleypur upp stiga, og það er hægt að merkja það á viðbrögðum líkamans, hvað þetta tekur langan tíma, þá er þetta jafnlangur tími og mundi taka að hlaupa upp stigann. Og það hefur sitthvað fleira komið í ljós um viðbrögð líkamans. Hefurðu nokkurtíma hugsað út í það — ef við gerðum nú ekki endilega ráð fyrir að kalla kenningar Freuds og Helga Pjeturss hjáfræði, við skulum sleppa því, þetta eru kenningar sem eru settar fram í fullri alvöru, af fræðimönnum, — og hérna, hvorri þeirra samrýmast þessar niðurstöður Bandaríkjamanna betur, sem eru óumdeilanlegar niðurstöður . . .

P. Gyl.: Nei, þær eru það alls ekki. Það eru engar þessar niðurstöður þessara draumarannsóknna óumdeilanlegar. Þvert á móti þá eru þær afskaplega sundurleitar, allar þessar amerísku draumamælingar, gífurlega sundurleitar, stangast mikið á, ólíkar aðferðir, ólík mælitæki notuð og ber ekki saman niðurstöðum eftir því hvaða mælingatækni er notuð. Það eru til báðar hugmyndirnar — þessi sem þú nefndir, en hin skoðunin er hinsvegar miklu algengari meðal tilraunasálfræðinga sem þetta hafa gert, að draumur sé mjög stuttur, eftir því sem hann verður ráðinn til dæmis af augnhreyfingum, sem er ein kenning, sem í sjálfu sér er umdeild.

— — —

Guðm. J.: Hefur þá nokkuð verið reynt að rannsaka það hvort dýr geti dreymt?

P. Gyl.: Já, það er ekki hægt, að því er virðist, að rannsaka það. Við þurfum mál til að segja drauma og það er eina . . .

Guðm. J.: Hér er um einhverjar athuganir hreyfinga að ræða eða eitthvað svoleiðis.

Ævar: Þegar Snati rýkur upp um miðja nótt og glefsar út í loftið, þá eru miklar líkur til að hann hafi verið að dreyma.

P. Gyl.: Já, það er raunar eins víst, en það er . . .

R. Ax.: Það eru raunar til mælingar sem sýna það, að dýr hafa svipaðar hreyfingar . . .

P. Gyl.: Það er rétt — augnhreyfingamælingar hafa verið gerðar á dýrum.

R. Ax.: Og flóknari mælingar hafa verið gerðar á dýrum en hægt er að gera á mönnum.

P. Gyl.: Ja, það verður hver maður að vera sinn dómari í þessum efnum. Það eru til öll þessi heilalínurit, og eins og Reynir var að segja, miklu flóknari og meiri mælingar á dýrum en nokkurntíma á mönnum. En eins og ég segi, allar ályktanir eru vafasamar af slíkum mælingum, jafnvel þótt mælingunum bæri öllum saman, sem þeim gerir ekki. Þessar niðurstöður eru ólíkar eftir því hvaða mælingatækni er notuð og við hvað er miðað, o. s. frv. Jafnvel þó að öllu bæri saman, þá er aldrei hægt að útiloka þennan möguleika, að draumar fari fram, alveg án tillits til allra niðurstaðna mælinganna. Og með svipuðum hætti verður aldrei hægt að segja neitt endanlega af eða á um dýr, það verður að fara eftir því hvernig við tökum á þessu um mennina, hvaða ályktanir við drögum um dýrin. Sálarlíf dýra er út af fyrir sig flókið heimspekilegt vandamál.

Guðm. J.: Má ég kannske segja eitt dæmi sem kom fyrir bónda í Hrunamannahreppi. Það var einn dag að hann fékk svo miklar ásóknir, martröð að honum fannst eins og hann væri að kafna, og tók andköf, eða drukknar. Svo leið þetta víst frá. En svo um kvöldið, þegar farið var að mjólka kýrnar, þá kemur í ljós, að eina kúna vantaði, og svo fannst hún drukknun ofan í vatnsbóli bæjarins. Gat nú verið að hér væri hugsamband milli bóndans og kýrinnar?

P. Gyl.: Já . . .

Guðm. J.: Þetta er ákaflega einkennilegt, þetta er sérstakt dæmi held ég.

Páll S.: Ég vil þakka Þorsteini fyrir þetta fróðlega erindi. Mig langar til að leggja orð í belg um þetta. Það er til dæmis ef við byrjum á þessu með Freud, — þetta er athyglisvert umræðuefni með hans kenningar — en ég held við séum þarna sammála Þorsteini um þetta að við teljum þetta vera hjáfræði eða svona á mörkunum. Allavega erum við ekki fyllilega sátt við þessar kenningar, en það er nú hægt að skoða alla hluti. Það er nú eitt af því, sem við sem aðhyllumst kenningar Helga Pjeturss viljum reyna, það er að skoða allar kenningar, og reyna að vega og meta

þær eftir okkar skynsemi og neita ekki neinu að órannsökuðu máli. En það var þarna aðeins minnst á rannsóknir, draumarannsóknir. Og það er með þær eins og allar aðrar rannsóknir, að maður er búinn að kynna sér þær út í yztu æsar: hvernig þær eru framkvæmdir, og hvernig að þeim er staðið. Það er hægt að rannsaka hluti á óheiðarlegan hátt líka. Vísindamenn geta verið sekir um það eins og hverjir aðrir, að rannsaka hlutina á óheiðarlegan hátt, og slá einhverju svo föstu út frá því. Svo er það hérna eitt sem ég vil minnst á í þessu, Þorsteinn minntist hér á kenningar Max Webers, að það er tilgangur vísindanna, eftir því sem mér skildist best: aftöfrun veraldarinnar. Og það held ég sé í anda Helga Pjeturss. Hann vildi einmitt reyna að koma einhverjum skynsamlegum vísindum yfir þessa töfra, sem hafa verið kallaðir. Þú minntist líka á forneskju. Ég held að þetta sé í anda Helga Pjeturss. Við getum náttúrulega deilt um það endalaust, hvort honum hefur tekizt það eða ekki. Og í þessu sambandi þá megum við ákaflega mikið vara okkur á því, sem hefur verið kenning hjá mörgum vísindamönnum, það er að slá einhverju föstu um það hvað muni vera hægt að rannsaka og hvað muni ekki vera hægt að rannsaka. Þarna megum við vara okkur, að slá einhverju föstu um það hvað muni ekki vera hægt að rannsaka. — Vegna þess til dæmis að það var einhver vísindamaður, eða heimspekingur, sem kom einhverntíma með langa runu af atriðum, sem aldrei yrði hægt að rannsaka. Þar á meðal var, hvaða efni væru í sólstjörnunum. Svo var það bara, þegar vísindunum fleytir fram í tímann rás, þá kemur í ljós, að þetta er hægt að mæla, með litrófsmælingum. Og þá eru þarna komnar rannsóknir, sem er heilmikil vísindagrein í eðlisfræðinni, hvaða efni eru í viðkomandi sólstjörnum: þetta er hægt að rannsaka með litrófsmælingum. Eins er það, Þorsteinn kom hérna með nokkrar kenningar í þessum hjáfræðum, sem eru taldar rangar kenningar. Það er til dæmis framhaldslíf. Þeir vilja telja, að framhaldslíf hljóti að vera röng kenning, vegna þess að líf geti aldrei verið án efnis. Þetta er einmitt það sem Helgi Pjeturss hélt fram. Líf gæti ekki átt sér stað, ekki verið um að ræða neitt líf, nema það hefði efni og líkama. Hann gekk algerlega út frá þessu.

P. Gyl.: Ég nefndi það raunar í erindinu, að hann hafði sjálfur einhverskonar afbrigði af efnishyggjusköðun.

Páll: Já, hann var í rauninni efnishyggjumáður. Það er aðalatriðið í þessu. Og hann taldi sig vera það. Það má líka endalaust

deila um það hvað er efnishyggja og hvað er ekki efnishyggja. En ég held að, þarna er ég mjög sammála þessu andófi gegn hjáfræðum, hvað það snertir, að frá mínum bæjardyrum séð held ég að ég geti ekki annað en verið á móti andatrú, vegna þess, í öllum aðalatriðum vegna þess að ég held það að hugsun verði varla án þess að efni komi við sögu. Og það er kenning Helga einmitt, að í framlífi, þá eignumst við nýjan líkama á öðrum hnetti Það er aðalatriðið í hans kenningu Og það náttúrlega kemur að þessu, að þegar um er að ræða svona mál þá eigum við erfitt um vik að rannsaka En ég held það, að við megum aldrei neita því að það sé hægt að rannsaka þetta Það kemur þarna fram, það var búið að neita því algerlega, að það væri hægt að rannsaka hvaða efni væru í stjörnunum, sem virtist vera mikil rökvísi á sínum tíma, vegna þess að þá gat engum dottið í hug að það gæti neinn farið til stjarnanna til þess að taka sýnishorn til að mæla á rannsóknastofu. Svo kom það bara í ljós, að það þurfti ekki. Það þurfti ekki að taka sýnishorn af efninu í stjörnunum til þess að það væri hægt að rannsaka, hvaða efni væri til staðar. En ég held að með þessa afneitun efnishyggjunnar, sem kemur fram í þessum kenningum Kripkes, að þær séu í sjálfu sér skiljanlegar. Vegna þess að hin hefðbundna efnishyggja, hún viðurkennir ekki þær rannsóknaaðferðir sem barf til þess að komast að því sem þarf til að útskýra hugarstarfsemina. En þá er það bara hvort efnishyggjan er ekki það takmörkuð, að það séu í rauninni um að ræða, að hún hafi ekki náð þarna tökum á rannsóknum á lífsorkunni, sem Helgi taldi sig hafa fundið, — og hún sé raunar hluti efnisheimsins. Hvort hún þessi lífsorka útskýrir ekki í raun og veru þessi mál. — En ég ætla nú ekki að segja meira í bili, — það getur verið að mér hafi nú sézt yfir eitthvað, en þetta eru svona mínar skoðanir.

Þ. Gyl.: Þakka þér fyrir.

Þ. Guð.: Já, mér datt í hug, af því að þú hefur þarna tvisvar minnt á þinn eigin draum — þú hefur mikla áherzlu lagt á óvissurnar. Ertu alveg viss um, að þeysan hafi blasað þannig við, að þú hafir getað séð hana?

Þ. Gyl.: Já, já, við athuguðum aðstæður einmitt mjög vandlega. Ég gat séð hana í gegnum hálfopna gættina.

Þ. Guð.: Þú *gæzt* séð hana. Stóðstu þannig að?

Þ. Gyl.: Já, ég stóð þannig að. Stóllinn stóð þannig af sér við dyrnar.

Ingvar: Svo er annað atriði í þínum draumi, sem er mjög athyglisvert. Það var talað um að þetta væri daglátadraumur, sem komið hefði alveg fram, og það virðist líka svo í stórum dráttum. Þó er einn meginmunur á draumnum, og svo því sem átti eftir að gerast í vökunni. Hann er sá að þú sást þennan kunningja þinn í fallegu peysunni niðri á tjarnarbakka í Reykjavík. En daginn eftir sérðu hann einmitt í stúdentagarði vestur í Bandaríkjunum, þar sem umhverfi er allt annað. Þarna ber ekki saman. Og þetta einmitt, einmitt þetta, að draumnum ber ekki saman við veruleikann, þarna nálgastu mjög einmitt kenningar Helga Pjeturss og hans skilning og okkar skilning á því, hvernig er hægt að skilja drauma, og af hverju draumar stafa, — hver er undirrót drauma.

Guðm. J.: Það kom hérna fram áðan að það væru dæmi um, að menn hefðu svo gott sjónminni, að þeir gætu kannske myndað heila opnu alveg úr bók, þá langar mig til að segja frá einu slíku dæmi. Ég rakst hérna á frásögn í blaði sem heitir: *Maðurinn sem man allt*. Þetta var franskur maður sem hét Burdet, og við þurfum að hafa hérna með síðustu setningarnar til þess að vita hvað er um að ræða. Undirfyrirsögn segir: „*Burdet og Oxford-prófessorarnir*. Í sumar sem leið komu tveir prófessorar frá Oxford til Grenoble, þeirra erinda einna að prófa minni Burdets gamla. Þeir gátu með engu móti trúað sögunni um alfræðibókina, sem getið er hér að framan, og spurðu nú Burdet, hvað stæði á bls. 836 í ákveðnu bindi. „Hvaða útgáfu? herrar mínir“. Gamli maðurinn horfði gegnum þykku gleraugun sín og kom með svarið. „Þið vitið að hver útgáfa um sig er dálítið frábrugðin öðrum, þó ekki sé annað en það, að orð hafa færst til á milli síðna.“ — „Við höfum í huga þriðju útgáfu“, svöruðu prófessorarnir. Án þess að hugsa sig um þuldi gamli maðurinn allt, sem stóð á blaðsíðunni eins og hann hefði bókina fyrir framan sig. Þegar annar prófessorinn spurði hann, hvað stæði á þessari sömu blaðsíðu í 5. útgáfu verksins, sagði Burdet, að það væri aðeins ein smávægileg breyting þar frá þriðju útgáfunni, sem sé, að tvö síðustu orðin á síðu 836 í þriðju útg. hefðu færst yfir á næstu síðu í 5. útgáfu. Prófessorarnir báru útgáfurnar saman, og sáu að Burdet gamli hafði rétt fyrir sér, eins og alltaf endranær.

Ég verð að játa það, að mér þykir svo yfiringilega ótrúlegt að þetta geti gerzt.

P. Gyl.: Úr því að þið eruð að spyrja eftir rannsóknum, þá er

raunar einhver frægasta sálfræðirannsókn frá síðari áratugum, eftir rússneska sálfræðinginn Luria, á svona manni. Það var maður sem tróð upp í fjölleikahúsi í Rússlandi. Hann kunni heilu símaskrárnar og svoleiðis, svo hann gat troðið upp sem skemmtikraftur, af því að hann mundi allt. Og Luria skrifaði skemmtilega bók, fræga bók, um áralangar rannsóknir sínar á þessum manni, á hugsunarstarfsemi hans og sérstaklega þessari sérkennilegu sálargáfu hans. Sem er kannski ekki réttnefnd sálargáfa, því að það kemur í ljós að þetta er ægileg byrði að bera, að geta ekki gleymt. Þetta er algeng tegund skemmtikrafta, og oftast nær beita þeir brögðum; hafa einhvern að tjaldabaki, sem flettir upp í símaskrá og kemur merkjum til þeirra. En maðurinn, sem Luria lýsir hafði þessa tegund minnis.

Páll: En getur þetta ekki verið sama eðlis og með þessa skemmtikrafta sem hafa einhvern til að fletta upp í símaskránni. Geta þeir ekki með hugsanaflutningi haft samband við einhvern sem í raun og veru flettir upp í þessum bókum? Mér finnst það ákaflega ósennilegt, að nokkur maður geti munað svona heilu doðrantana af margvíslegu tagi. Ég fyrir mitt leyti trúi ekki á svona minni. Mér finnst einhvernveginn líklegra að þetta sé fyrir hugsanaflutning við einhvern sem les svona bækur.

P. Gyl.: Já, aðalgallinn er náttúrlega sá, að þessi dæmi eru afskaplega sjaldgæf. Dæmi eins og hjá Luria.

Ingvar: Það væri gaman að spyrja: Gat komið fyrir til dæmis, að hann myndi eitt og annað sem hann aldrei hafði lesið?

P. Gyl.: Nei, það held ég ekki, — ég man ekki eftir neinum dæmum þess.

Páll: En þá er það bara, að það hafi verið í raun og veru rannsakað.

P. Gyl.: Það er nú langt síðan ég las þetta, og ég þori satt að segja ekki að fara með smáatriði.

P. Guð.: Það mætti eiginlega draga saman okkar skoðun á þessu. Mér skilst að þú takir alveg mark á svona stórfurðulegum dæmum, eins og frá þessum Luria, — en hinsvegar ekki á einföldustu fjarhrifaþyrirbærum.

P. Gyl.: Ég neita engum fyrirbærum. Það hvarflar ekki að mér. En ég get bent á það, að það er afskaplega algengt — sem er umhugsunarvert út af fyrir sig — með fyrirburði af öllu tagi, að um þá blekki menn sjálfa sig . . . og vilja láta blekkjast, vilji til

dæmis telja sér trú um það, að ómerkilegur loddari eins og Uri Geller hafi einhverjar dulargáfur.

P. Guð.: Hefurðu fullkomna sönnun fyrir því, að allar þær rannsóknir sem gerðar voru á Uri Geller á árabíli, að allar þær séu . . .

P. Gyl.: Ekki fullkomna sönnun. Menn hafa aldrei fullkomnar sannanir. Það er alveg eins og með sekt manns eða sakleysi fyrir rétti, að það er aldrei hægt að sanna neitt fullkomlega.

Ævar: Er þá t. d. rannsókn, sem gerð var við Stanford-háskóla af heimsþekktum vísindamönnum, sem þú kannt ábyggilega nöfnin á . . .

P. Gyl.: Já, já, það voru allt saman sjónhverfingar, þeir létu bara plata sig.

P. Guð.: Hver segir þetta?

P. Gyl.: Þetta var leitt í ljós með einföldum hætti. Það eru nú tvö eða þrjú ár síðan þetta var, ég er ekki viss um að ég muni þetta rétt í smáatriðum, svo ég verð að hafa fyrirvara á um smáatriðin. En í stórum dráttum var það sem gerðist með Uri Geller það, ef ég man rétt, að TIME-magasíni ætlaði að skrifa um hann grein með forsíðumynd . . .

Ævar: Ég hef heyrt allt um þetta. Þetta er að mestu leyti tilbúningur úr blaðamanninum hjá TIME.

P. Gyl.: Nei, nei, nei, nei . . . Og það var fenginn sjónhverfingamaður.

P. Guð.: Hann gaf sig nú fram . . .

P. Gyl.: . . . til að vera þarna viðstaddur. Og þegar var kominn atvinnumaður í þeirri grein, þá sagði hann á stundinni: Ég skal endurtaka hvert einasta trikk. Og í framhaldi af þessu, þá fór maðurinn — var það ekki um Kanada þvert og endilangt? — á eftir Uri Geller, hvar sem hann tróð upp. Þetta var náttúrlega bara fjárplógsstarfsemi hjá Geller. Hann fyllti heilu Laugardalshallirnar um alla Ameríku. Og sjónhverfingamaðurinn elti hann og sagði: Ég skal troða upp á eftir honum og sýna allt það sama.

Ævar: En hann þessi sjónhverfingamaður, hann fór ekki í rannsókn til dæmis hjá Stanford, og ekki heldur við rannsóknastofnanir í Bretlandi sem Uri Geller fór í um svipað leyti. Það er náttúrlega engin vísindarannsókn þó að einhver loddari komi fram í sjónvarpi, og geri eitthvað svona. Það er ekki hægt að jafna því á neinn hátt við rannsókn, sem framkvæmd er á mörgum vikum við heimsfræga rannsóknastofnun af færum mönnum.

P. Gyl.: Þið megið ekki trúá allt of mikið á heimsfrægar rannsóknastofnanir. Heimsfrægar rannsóknastofnanir eru afskaplega skeikular . . .

Ævar: Ef þetta væri aðeins ein stofnun, þá gæti maður þa . . .

P. Gyl.: Já, hún var bara ein. Það voru bara einhverjir tveir menn í Stanford, einhverjir tveir eðlisfræðingar . . .

Ævar: Veiztu það, skal ég segja þér, veiztu það, að greinin sem birtist um þessa rannsókn, hún kom í tímaritinu NATURE ári eftir að rannsóknin fór fram. Þeir (ritstjórnarnir) neituðu að taka greinina, vegna þess að þeim fannst hún svo ótrúleg. Það var ekki fyrr en eftir að Uri Geller var búinn að fara í rannsókn hjá mörgum öðrum rannsóknastofnunum, bæði í Ameríku og Evrópu, að þeir tóku greinina, eftir að þeir voru búnir að sjá skýrslur frá þeim rannsóknum, sem bar saman í öllum aðalatriðum við þessa rannsókn, sem fór fram í Stanford. Þá fyrst birtu þeir greinina.

P. Guð.: Það hefur enn ekki komið mikið á skrið, að við töluðum um það sem var tilkynnt sér sem umræðuefni: það er líf eftir dauðann og hugmyndir um það . . . og þegar ég las erindið þitt, Þorsteinn (vélritað), þá tók ég eftir því, að í niðurlagi þess hefurðu mjög hliðholl orð — ég er ekki að segja að þú takir undir það — en þú beitir því, sem þú hefur til að bera, í þágu kenningar, vissrar kenningar, sem velþekkt er. Og það er kenningin um *grafarsvefn* og upprisu . . .

P. Gyl.: Upprisu holdsins, já . . .

P. Guð.: Upprisu á *dómsdegi*. Og nú langar mig bara að spyrja þig, ekki hvað rökfræðilærdómur þinn segir, heldur bara einföld hugsun þín og skilningur. Finnst þér það aðgengileg hugsun, að hér á jörðunni, gerist einhverntíma stórkostlegur sjónleikur í skýjunum, og þar verði það ákveðið, hvernig fólkið stígi upp úr gröfunum og standi þar?

P. Gyl.: Ef þú ert að spyrja mig, þá er ég ekki kristinn maður. Ég trúi ekki á upprisu holdsins, né á dómsdag . . . Það eina sem ég segi þarna er það, að gamla kirkjukenningin, þ. e. a. s. kenning Páls postula, og síðan kristinnar kirkju gegnum aldirnar, um upprisu holdsins, hún er ónæg fyrir gagnrýninni, sem beinist gegn andatrúnni. Ef menn trúá á upprisu holdsins eins og sannkristnir menn gera, við skulum segja biskupinn yfir Íslandi — hann trúir á upprisu holdsins á dómsdegi sem sannkristinn maður, — og rétttrúaðir prestar íslenzku þjóðkirkjunnar, sem nú munu vera

orðnir meirihluti prestanna í kirkjunni, sem hafa verið að rífast í Morgunblaðinu nú undanfarið . . .

Ævar: Hvað er „rétt trú“?

Þ. Gyl.: Ja, lúterskur rétttrúnaður er sögulegt hugtak. Lúterskur rétttrúnaður er ekki mjög einfalt mál. Ætli það sé ekki einfaldasta svarið, sem hægt er að gefa, að vísa á Helgakver. Lúterskur rétttrúnaður er þá sá kristindómur, sem stendur í Helgakveri.

Ævar: Þá er ég nú ansi hræddur um, að það verði ekki margir, sem teljast kristnir hér á Íslandi.

Þ. Gyl.: Nei, það er hætt við því! En það er nú önnur saga. En allavega þá er þessi lúterski rétttrúnaður sá kristindómur, sem Sigurbjörn Einarsson hefur barizt fyrir sem guðfræðikennari og síðar sem biskup, á móti svokölluðum nýguðfræðingum . . .

Þ. Guð.: . . . að hann trúi á Helgakver alveg?

Þ. Gyl.: Það hugsa ég nú ekki. Það geta verið allskonar álitamál, í lúterskri guðfræði eins og allri guðfræði, svo það held ég nú ekki. En engu að síður þá held ég, að hann mundi vafalaust fallast á það, að Helgakver sé gleggsta og handhægasta heimildin um lúterskan rétttrúnað á Íslenzku.

Þ. Guð.: Já, en það er í þessu sambandi líka, sem ég hefði viljað spyrja þig . . . eitt er það hvað maður fullyrðir í ræðu, annað hvers taum maður dregur. Ég taldi á einni síðu hjá þér átta atriði, sem voru öll mjög neikvæð í garð fyrirburðafræði. Telurðu þig baráttumann gegn fyrirburðafræði?

Þ. Gyl.: Það er nú eiginlega of sterkt að orði kveðið. Ég hef ekki beitt mér neitt í því efni. Ég vék að henni í þessu útvarps-erindi í fyrri, og það erindi hef ég ekki birt, svo að ég get nú víst ekki kallað mig baráttumann.

Þ. Guð.: Það er nú gott!

Þ. Gyl.: Hitt er annað mál, að ég held, að það sé ástæða til að berjast gegn ýmsri hjátrú í landinu, og ég vildi gjarnan geta lagt því lið í framtíðinni.

Ævar: Mundi ekki einmitt vera að rannsóknir í fyrirburðafræðum, sem færu fram á vísindalegan hátt, væru beztar til að vinna bug á hjátrú?

Þ. Gyl.: Jú, jú, en bíddu nú við, að eitt er að vera andstæðingur andatrúar, sem menn geta verið af ýmsum hvötum. Ég er til að mynda andstæðingur andatrúar að því leyti, að ég held sem heimspekingur, að hún sé sannanlega röng, — sú andatrú sem er fágúð kenning um sál og líkama eins og hjá Descartes. Nú er andatrú í

hversdagslegum skilningi auðvitað miklu flóknara og meira fyrirbæri en bara ein heimspekileg kenning um eðli sálarinnar. Hún er auðvitað voldug stofnun með andalækningum og öllu sem tilheyrir, og ég er eindreginn andstæðingur þeirrar stofnunar, tel hana valda stórkostlegu tjóni í samfélaginu á sálum manna og líkómum, og vildi gjarnan, að sú stofnun liði undir lok, því fyrr því betra. Fyrirburðafraði er svo einn handleggurinn enn. Ég er andófsmaður gegn henni, fylgi ríkjandi skoðun um hjáfræði-eðli fyrirburðafraðinnar. Og verst við hana, eins og hún er iðkuð í Háskóla Íslands, er að hún er öldungis einangruð, það er ekkert tillit tekið til rannsókna í öðrum greinum. Venjulegum háskólasiðum um iðkun frjálsra fræða er ekki fylgt. Það eru falsaðar niðurstöður í stórum stíl. Þið voruð að vitna til dæmis í Rhine þarna áðan, það eru ekki nema fá ár síðan, að flett var ofan af einhverjum umfangsmestu fölsunum með stórri tölvu á stofnun Rhines, sem ameríski herinn hafði verið látinn verja háum fjárhæðum til, og allar niðurstöður falsaðar. Þið hafið nú haft Erlend Haraldsson hér til að tala við ykkur, þið getið fengið hann til að segja ykkur frá þessu, þetta eru kunningjar hans. Þessi stofnun hún hefur alveg fyrirgert rétti sínum til að vera tekin alvarlega næstu áratuginna.

P. Guð.: Var doktor Rhine viðriðinn þessa fölsun?

P. Gyl.: Nei, hann er orðinn svo gamall.

P. Guð.: Nei, hann var það nefnilega ekki! Og það varpar enga rýrð á hans verk þó einhver annar hafi . . .

P. Gyl.: Nei, nei, ég var ekki að segja að það varpaði rýrð á hans verk, bara á stofnunina.

P. Guð.: Já, það er annað mál.

Ævar: Í hverju var þessi fölsun fólgin?

P. Gyl.: Hún var fólgin í því að falsna tölvuforskrift, til þess að hafa áhrif á niðurstöður.

Ævar: Er það öruggt, að það hafi verið vísvitandi, en ekki það að hann hafi merkt vitlaust prógramm inn . . .

P. Gyl.: Já, já, hann játaði með venjulegum hætti maðurinn . . .

P. Guð.: Þetta getur náttúrulega gerzt í hvaða grein, sem er.

P. Gyl.: Já, drottinn minn dýri . . .

Ævar: Var þetta búið að hafa áhrif á niðurstöður, sem hafa verið gefnar út?

P. Gyl.: Já. Fullt. Til margra ára. Það er ekki staf að marka, sem

stendur í neinu, sem þessi stofnun lætur frá sér fara undir stjórn þessa manns.

P. Guð.: Sem þessi *maður* lét frá sér fara.

P. Gyl.: Stofnunin undir hans stjórn.

P. Guð.: Hann hét *Leví*.

Ingvar: Telur þú að engin fyrirbæri gerist (af þessu tagi) í raun og veru? Ef þau gerast, þá hlýtur að þurfa rannsóknir á þeim, en telur þú svona hér um bil alveg víst að engin slík fyrirbæri gerist, og þessvegna sé ekki þörf á rannsóknum?

P. Gyl.: Nei, nei, ég neita *engu* fyrirfram um staðreyndir máls.

Ingvar: Er þá ekki þörf á rannsóknum?

P. Gyl.: Mér getur þótt afskaplega ólíklegt, að einhver, sem hér er inni breyttist allt í einu í ljón, og stæði hér urrandi og biti nú af mér handlegginn eins og gerðist í Sædýrasafninu á dögnum. En drottinn minn dýri, ég neita því ekki *fyrirfram*, að þetta geti gerzt.

Ævar: En heldurðu því fram, að það sem Erlendur Haraldsson hefur verið að birta frá Háskóla Íslands núna undanfarin ár, sé bara vitleysa? Heldurðu því fram í alvöru, að þetta sé bara vitleysa?

P. Gyl.: Já.

Ævar: Og hefurðu eitthvað fyrir þér í því?

P. Gyl.: Já, já.

Ævar: Af hverju er þetta þá ekki bara . . .

P. Gyl.: Við Erlendur höfum rætt þetta nokkuð okkar á milli. Við erum gamlir og góðir vinir. Og ég lít svo á sem háskólakennari, að fyrirburðafræðin, eins og hún er iðkuð hjá Erlendi, með útgáfu-starfsemi, sem þar fer fram, að hún hlíti ekki lágmarkskröfum til háskólagreinar.

Guðm. J.: Og meðal annars hvað?

P. Gyl.: Um nákvæmni, um meðferð hugtaka, meðferð tölfræði, um hugsanlegar niðurstöður annarra fræða. Þetta er raunar afskaplega algengt í allri sálarfræði, ekki bara dulsálarfræði. Ég er raunar í háskólanum mikill gagnrýnandi hverskonar sálarfræði, uppeldisfræða, greindarsálarfræði. Þessir gallar eru á mörgum sérgreinum sálarfræðinnar, greindarsálarfræðinni og uppeldisfræðinni ekkert síður en til dæmis fyrirburðafræðinni. Þessar greinar eru því miður svo frumstæðar að þær uppfylla ekki lágmarkskröfur, sem maður gerir til mannlegra eða náttúrlegra fræða.

P. Guð.: Ertu raunar viss um, að það sé hægt að rannsaka

sálarfræði og sálarlíf manna á sama hátt og kröfur eru gerðar um í eðlisfræði og slíkum greinum?

P. Gyl.: Nei, ég er ekki viss um það. Ég held raunar að það sé ekki hægt.

P. Guð.: Já, það skýrir þá líka dálítið muninn á vinnubrögðum.

P. Gyl.: Já, vissulega. En ég skal nefna ykkur dæmi af þessu tagi, úr greindarsálarfræði, sem er svolítið fróðlegt. Greindarsálarfræði er afskaplega áhrifamikil fræðigrein. Hugsíð ykkur. Börnin okkar ganga núna gegnum grunnskólakerfi, sem er rekið eftir niðurstöðum greindarsálfræðinga. Þeim eru gefnar einkunnir eftir staðalkúrfu, sem er ættuð úr kenningu greindarsálfræðinga. Þeim er raðað í bekki eftir sannfæringu sem greindarsálfræðingar reisa á kenningum sínum o. s. frv. Það er engin grein sálarfræðinnar jafn áhrifamikil í samfélaginu, og hefur bein áhrif á andlega velferð barna út um allt land.

P. Guð.: Já, þú ættir að gagnrýna þetta heldur en . . .

P. Gyl.: Og ég held að öll þessi greindarsálfræði sé byggð á sandi.

— — —

(Niðurlagið birtist í næsta tbl. Lífgeisla).

BÆKUR OG TÍMARIT

DRAUMAR OG SVEFN, eftir Þorstein Jónsson á Úlfssstöðum.
84 síður. Verð kr. 1200.

TIL ÞÍN. Ljóðabók eftir Þorstein Jónsson, 136 s. Verð kr. 3000.

GUÐIRNIR Á SÍRÍUSI. Vitranasaga eftir K. O. Schmidt.
Verð kr. 2000.

LÍF ER Á ÖÐRUM STJÖRNUM, eftir Þorstein Guðjónsson.
Verð kr. 700.

ASTROBIOLOGY, e. Þorstein Guðjónsson. 208 s. Verð kr. 3000.
Til sölu er einnig:

LEBENSMEISTERUNG DURCH PSYCHODYNAMIK — bók
um það að ná tökum á lífsafli sínu, sjálfum sér og öðrum til fram-
fara. Bókin er á þýzku máli, og er eftir A. R. Walther, arftaka
K. O. Schmidts, sem heldur áfram verki hans að honum látnum.
Frá forlagi AT í Sviss. Verð 27.00 svissneskir frankar, sem um-
reiknast í krónur á söludegi.

NEUES DENKEN, tímarit, sem er tengiliður hreyfingar um málefni
K. O. Schmidts í Þýzkalandi og víðar. Ársáskrift DM 24.00.
Ritstjóri A. R. Walther.

Pöntunum um ofanskráð rit veitt viðtaka í s. 41006 eða í *Póstbólf*
722, *Reykjavík*.

L Í F G E I S L A Ú T G Á F A N

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA

Alfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

UM FYRIRBURÐAFRÆÐI	Bls. 3
Umræður	— 19
Bækur og tímarit (Auglýsing)	— 35